

Höft á fjárfestingum  
Skatta- og lögfræðisvið  
Deloitte hf.

Hólmfríður Kristjánsdóttir, lögfræðingur  
Janúar 2011



# Umfjöllunarefni

- Ýmis höft við lýði á Íslandi í byrjun 21. aldar
- Nánar tiltekið verður sérstaklega fjallað um eftirfarandi atriði:
  - Gjaldeyrishöft
  - 10% reglurnar um arð og söluhagnað hlutabréfa
  - CFC – reglur
  - Höft á fjárfestingu í sjávarútvegsfyrirtækjum og orkufyrirtækjum

# Gjaldeyrishöft

- Lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál var breytt með lögum nr. 134/2008 og Seðlabanka þar með veitt heimild til að setja reglur til að takmarka/stöðva tiltekna flokka fjármagnshreyfinga
- Markmið breytingalaganna var að takmarka eða stöðva tímabundið tiltekna flokka fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipti sem þeim tengjast til og frá landinu sem valda að mati Seðlabanka Íslands alvarlegum og verulegum óstöðugleika í gengis- og peningamálum
- Fyrst settar reglur í nóvember 2008, nógildandi reglur nr. 310/2010.



## Gjaldeyrishöft, frh.


- Mikið verið að „spila á“ reglurnar framan af
- Upphaflegt markmið breytinganna á gjaldeyrislögum skv. greinargerð var að hefta streymi gjaldeyris út úr íslenska hagkerfinu, höft út en ekki inn, sbr. 8. og 9. gr. laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri
- Hertar reglur nr. 880/2009, nú líka höft inn í landið, flutningur ISK til Íslands takmarkaður/bannaður
- Allar krónur keyptar eftir 28. nóvember 2008 eru í raun skilgreindar sem **aflandskrónur.**

# Breytingar með reglum nr. 880/2009


- Seðlabankinn hefur mjög ríkar heimildir til túlkunar á reglunum og misvísandi úrskurðir frá Seðlabankanum gera aðilum mjög erfitt að fóta sig og vita hvað er rétt og rangt
- Seðlabankinn hefur neitað umsókn þar sem krónur voru keyptar fyrir setningu fyrstu gjaldeyrisreglnanna nr. 1130/2008 á grundvelli þess að ákvörðun um fjárfestingu var tekin þann 16. desember 2009
- Seðlabankinn hefur neitað umsókn þar sem krónur voru keyptar 2009 og sendar til Íslands með greiðslufyrirmælum áður en reglur 880/2009 voru settar
- Heimilt að flytja krónur heim eftir slit félags ef sýnt er fram á óslitið eignarhald á krónunum frá setningu reglnanna
- „Millilending“ heimil

# Regla um 10% eignarhald til frádráttar mótteknum arði og söluhagnaði hlutabréfa

- Móttekinn arður og söluhagnaður hlutabréfa var að fullu frádráttarbær hjá lögaðilum
- Nú skilyrði frádráttar að móttakandi arðs/söluhagnaðar eigi í lok þess árs sem arður/söluhagnaður er greiddur vegna a.m.k. 10% í þeim lögaðila sem greiðir arðinn eða sem bréf eru seld í
- Frádráttur er því aðeins heimill að yfirfæranlegt rekstrartap hafi verið jafnað, þ.m.t. tap sem myndast hefur á tekjuárinu
- Bæði skilyrðið um 10% kröfuna og eins skilyrðið um jöfnun á tapi hafa verið mjög umdeild.



**Tilskipun 90/435/EB**  
Skattlagning óheimil ef meira en 10% eignarhald



**Lög 90/2003**  
Eingöngu frádráttarbært ef meira en 10% eignarhald

# Áhrif 10% reglunnar á fjárfestingar

Hvaða áhrif hefur þetta á fjárfestingar?

- Kemur í veg fyrir dreift eignarhald
- Hamlar því að arður sé greiddur milli félaga og sérstaklega við núverandi aðstæður að arður í erlendu félagi sé tekinn heim
- Erfiðara fyrir félög að afla nýs hlutafjár
- Fjárfestar lána frekar félögum en að kaupa hlutafé
  - Lánveitendur betur staddir en hluthafar í röð kröfuhafa
  - Frádráttur vegna vaxta og kostnaðar fyrir félagið sjálft
  - Minnkar tekjur ríkisins þar sem lántakandinn greiðir minni skatta

Mótsögn við þann hvata sem settur var í lög til að auka fjárfestingar í sprotafyrirtækjum

Tvísköttun tekna, fyrst inni í félaginu sem greiðir og svo hjá félaginu sem móttekur.

# CFC reglur – 57. gr. a í tekjuskattslögum

- CFC-reglurnar leiða til þess að ef íslenskur skattaðili á eða hefur umráð yfir félagi sem staðsett er á lágskattasvæði, þá er litið svo á að hagnaður þessa félags sé í reynd tekjur íslenska aðilans og þær skattlagðar með öðrum tekjum hans
- Skattskylda án tillits til úthlutunar á hagnaði
- Ef íslenskur aðili á 50% hluta í félagi telst hann hafa umráð yfir því. Nær líka til dóttur- og dótturdótturfélags
- Eign og umráð fara ekki saman og getur verið um meirihluta stjórnunarvalds að ræða þrátt fyrir minnihluta eignarhalds. Í þessum skilningi er litið til raunveruleikareglunnar (efni umfram form)
- CFC-reglurnar eiga ekki við ef:
  - Hið erlenda félag fellur undir tvísköttunar- eða upplýsingarskiptasamning og tekjur þess eru ekki að meginstofni til eignatekjur.  
Hið erlenda félag er stofnsett og skráð í EES, EFTA eða Færeyjum og stundar raunverulega atvinnustarfsemi.



# CFC reglur – framhald.

Ríki telst lágskattaríki ef tekjuskattur hagnaðar er  $\frac{2}{3}$  lægri en á Íslandi

Fjármálaráðuneytið hefur, þann 22. desember 2010, birt lista um þau lágskattaríki sem CFC-reglurnar taka til – Svarti listinn

Arður er almennt ekki skattlagður enda væri þar um hreina tvísköttun að ræða. Ef arður er greiddur eftir á, og er hærri en hagnaðurinn, þá er hann skattlagður

Sala á félagi yrði hins vegar skattskyld að fullu, og ekki frádráttarheimild vegna þess - nema að uppfylltum ákveðnum þröngum skilyrðum



# Áhrif CFC-reglna á fjárfestingar

- Takmarka fjárfestingartækifæri íslenskra aðila í skilgreindum lágskattaríkjum (beint- og óbeint eignarhald og stjórnun undir 50%)
- Þrátt fyrir að CFC-reglur takmarki fjárfestingar í skilgreindum ríkjum eru önnur svæði undanskilin, t.d. Delaware í Bandaríkjunum, þrátt fyrir að þar sé mun lægri skattlagning (pólítík?)
- Almennt ekki hægt að nýta tap í félagi í lágskattaríki til frádráttar innan sömu samstæðu nema að uppfylltum ákveðnum þröngum skilyrðum
- Takmarkar möguleika íslenskra fyrirtækja að taka þátt í verkefnum og fjárfestingum með erlendum aðilum sem kjósa oft á tíðum að nýta sér lágskattaríki
  - T.d. heimilt er fyrir bandarísk fyrirtæki að stofna „gagnsæ“ félög á Cayman eyjum og nýta sér skattalegt hagræði þess
- Reglurnar auka flækjustig en koma í raun ekki í veg fyrir undanskot eigna
  - Reglurnar taka ekki til Íslendinga sem eru skráðir erlendis
    - Félag í lágskattaríki gæti því verið í 49% eigu íslenskra skattaðila og 51% í eigu íslenskra aðila sem eru ekki skattskyldir á Íslandi
  - Reglurnar ná ekki yfir hagnað útibúa.

# Önnur höft – Sjávarútvegur og orkugeirinn

## Sjávarútvegur

„Höft“ á Íslendinga

Bein lagaákvæði um höft á erlenda fjárfestingu

Mögulegt að komast framhjá þeim höftum

## Orkugeirinn

Takmörkun um framsal á nýtingu orku til 65 ára í senn

Við ákvörðun um það hverjum skuli veittur afnotaréttur skal gæta jafnræðis. Þá skal gæta þess að ákvörðunin stuðli að hagkvæmri nýtingu auðlinda og fjárfestinga í mannvirkjum

Ný og mjög umdeild vatnalög taka gildi í október 2011

Engin vatnalög í gildi

# Deloitte.

"Deloitte" is the brand under which tens of thousands of dedicated professionals in independent firms throughout the world collaborate to provide audit, consulting, financial advisory, risk management, and tax services to selected clients. These firms are members of Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), a UK private company limited by guarantee. Each member firm provides services in a particular geographic area and is subject to the laws and professional regulations of the particular country or countries in which it operates. DTTL does not itself provide services to clients. DTTL and each DTTL member firm are separate and distinct legal entities, which cannot obligate each other. DTTL and each DTTL member firm are liable only for their own acts or omissions and not those of each other. Each DTTL member firm is structured differently in accordance with national laws, regulations, customary practice, and other factors, and may secure the provision of professional services in its territory through subsidiaries, affiliates, and/or other entities.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 150 countries, Deloitte brings world-class capabilities and deep local expertise to help clients succeed wherever they operate. Deloitte's approximately 170,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

This publication contains general information only, and none of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, its member firms, or their related entities (collectively, the "Deloitte Network") is, by means of this publication, rendering professional advice or services. Before making any decision or taking any action that may affect your finances or your business, you should consult a qualified professional adviser. No entity in the Deloitte Network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this publication.